



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2024  
MÍ202404-0040/6.00/G.Ó.

**Efni: Umsögn um mál 120. tillaga til þingsályktunar um fjármögnun varðveislu, björgunar og endurgerðar skipa- og bátaarfsins.**

Með tölvupósti 27. mars 2027 sendi nefnda- og greiningarsvið Alþingis til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármögnun varðveislu, björgunar og endurgerðar skipa- og bátaarfsins.

Minjastofnun Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu og þeim áhuga sem Alþingi sýnir málaflökki menningarminja. Líkt og fram kemur í tillögunni skipar sagan mikilvægan sess í sjálfsmynd þjóðar og skip og bátar sem minna á atvinnusögu og menningu eru menningararfur með mikla sögu og aðráttarafl. Í tillögunni er einnig fjallað um skráningu fornbáta og nauðsyn þess að gera úttekt á slíkum minjum í einkaeigu. Vert er að benda á að við úthlutun styrkja úr fornminjasjóði árið 2024 var veittur styrkur til Sambands íslenskra sjóminjasafna að fjárhæð kr. 865.000 til að skrá fornbáta í einkaeigu.

Minjastofnun telur að sú aðgerð að styrkja fornminjasjóð væri best til þess fallin að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Sjóðurinn hefur, eins og fram kemur í tillögunni, styrkt verkefni er lúta að skipa- og bátaarfinum. Smæð sjóðsins hefur takmarkandi áhrif á fjölda verkefna sem hljóta styrk. Með auknu fjármagni væri hægt að fjölga þeim verkefnum og nýta með því þá þekkingu og umgjörð sem til staðar er hjá fornminjasjóði og Minjastofnun Íslands, en visst hagræði væri í því umfram það að stofna sérstakan sjóð.

Virðingarfyllst,

  
Gísli Óskarsson  
Sviðsstjóri lögfræðisviðs

Gísli Óskarsson  
Lögfræðingur  
gisli@minjastofnun.is